



---

## Minnisblað

Dagsetning: 18. ágúst 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjálalykill: 2001208/6.1.1

---

## Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis um takmarkanir á skólahaldi

---

**Til að draga úr smithættu af völdum SARS-CoV-2 í skólastarfi mælir sóttvarnalæknir með eftirfarandi takmörkunum á skólahaldi:**

- Einstaklingar fæddir fyrir 2005 gæti þess að halda 1 meters fjarlægð sín á milli, hvort sem eru nemendur, foreldrar nemenda eða starfsmenn skóla á öllum skólastigum.
- Aðilar fæddir fyrir 2005 sem koma inn í skólabyggingar en eru ekki starfsmenn skóla, foreldrar eða nemendur fylgi 2ja metra reglu á öllum skólastigum.
- Einstaklingar fæddir fyrir 2005 gæti þess að halda 1 meters fjarlægð sín á milli þar sem eru frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og skipulagt íþróttastarf barna á grunnskólastigi.

Leikskólar:

- Viðvera foreldra sem dvelja inni á leikskóla vegna aðlögunar skal skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis- eða mataraðstöðu í byggingunni og skulu þeir gæta að minnst 1 metra nálægðartakmörkun jafnt sín á milli og gagnvart starfsfólki. Aðeins eitt foreldri fylgi barni í aðlögun.
- Stjórnendum leikskóla er heimilt að krefja foreldra að nota andlitsgrímur í aðlögun.
- Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Grunnskólar:

- Aðrir en starfsmenn og foreldrar sem koma inn í grunnskóla, svo sem vegna vöruflutninga, skulu gæta að 2 metra nálægðartakmörkun.
- Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Framhaldsskólar og háskólar:

- Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja 1 m náandarreglunni, svo sem í verklegri kennslu, listkennslu og klínísku námi, skal nota andlitsgrímu sem hylur munn og nef. Þetta á við bæði kennara og nemendur.
- Hver nemandi umgangist sem fæsta einstaklinga. Fastir hópar og bekkir skulu forðast svo sem framast er unnt blöndun við aðra nemendur.
- Dreifa skal nemendum á fasta innganga í skólabyggingu eftir því sem kostur er og skulu gangar vera ferðarými.
- Viðburðir sem ekki teljast til kennslu skulu ekki fara fram í skólabyggingum, svo sem málþing.

- Við íþróttakennslu eru snertingar heimilar milli nemenda á æfingum og í keppnum. Aftur á móti skal virða 1 metra nálægðartakmörkun í búningsklefum og á öðrum svæðum utan æfingasvæðis- og keppnissvæðis.
- Sameiginlegir snertifletir í kennslustofum framhaldsskóla skulu sótthreinsaðir milli nemendahópa. Jafnframt skal sótthreinsa sameiginlegan búnað og snertifleti a.m.k. einu sinni á dag og þar skal jafnframt lögð áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir.